

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
112. fundur.

Miðvikudaginn 16. nóvember 2011 kom hreppsnefnd Húnavatnshrepps saman til fundar á Húnavöllum kl. 13.00 Þóra Sverrisdóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Jens P. Jensen ritaði fundargerð. Mæting á fundinn að öðru leyti samkvæmt undirskriftum.

Dagskrá:

1. Skýrsla sveitarstjóra.
2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012.
3. Fundargerðir:
 - a) Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún., dags. 1. nóv. 2011.
 - b) Stjórnar byggðasamlags um menningar- og atv.mál, dags. 3. okt. 2011.
 - c) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 28. okt. 2011.
 - d) Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga, dags. 5. okt. 2011.
 - e) Samráðsfundar stjórnar Samb. ísl. sveitarfél. og formanna og framkvst. landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 14. okt. 2011.
4. Bréf:
 - a) Frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi, dags. 02.11.2011.
 - b) Frá Bændasamtökum Íslands, dags. 02.11.2011.
 - c) Frá USAH, dags. 26. 10. 2011.
 - d) Frá Sjálfseignarstofnunum Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 08.11.2011.
 - e) Frá Birni Magnússyni, dags. 08.11.2011.
5. Önnur mál.

Oddviti bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 13.00

1. Skýrsla sveitarstjóra

Fulltrúar úr hreppsnefnd Húnavatnshrepps ásamt sveitarstjóra funduðu með fjárlaganefnd Alþingis mánudaginn 7. nóv. s.l. Eftirfarandi málefni voru lögð fyrir fjárlaganefnd:

- Blönduvirkjun/Blönduveita
- Samgöngumál
- Fjarskiptamál
- Þátttaka ríkisins í eyðingu minka og refa
- Framlög Jöfnunarsjóðs
- Ferðaþjónusta á Hveravöllum
- Málefni heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi

Einnig var fundur í umhvefisráðuneytinu þar sem Kjartan Ingvarsson og Sigurbjörg Sæmundsdóttur fulltrúar ráðuneytisins kynntu landsáætlun, stefnu stjórnvalda um úrgang 2012-2023.

Kynnt bréf frá Blönduósbæ varðandi hugsanlega samnýtingu byggingarfulltrúa. Hreppsnefnd Húnavatnshrepps leggur til að sameiginlegur fundur sveitarstjórnar Húnavatnshrepps og bæjarstjórnar Blönduóss verði á Blönduósi miðvikudaginn 23. nóv. kl. 16.00

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

112. fundur.

Kynnt tilboð frá Sorphreinsun Vilhelms Harðarsonar ehf, sem er viðauki við gildandi verksamning. Sveitarstjóra og oddvita falið að vinna málið áfram. Kynnt sölutilboð í eignir ríkisins á Reykjum og Húnavöllum. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram í samræmi við umræður á fundinum.

2. Undirbúningur fjárhagsáætlunar 2012

Eftirfarandi samþykkt var gerð vegna námsstyrkja á árinu 2012:

Námsstyrkur á hvern framhaldsskólanema verður óbreyttur frá fyrra ári.

Áætlað er að námsstyrkir vegna tónlistarnáms á framhaldsskólastigi vegna vorannar 2012 geti numið í heild allt að 500 þúsund kr.

Samþykkt var að launakjör hreppsnefndar, annarra nefnda, fjallskilastjóra og oddvita yrðu óbreytt frá fyrra ári.

Eftirfarandi samþykkt var gerð um gjaldskrá fyrir leikskólann Vallaból, sem gildir frá 1. janúar 2012:

Grunngjöld á mánuði.

Gjaldskrá:

Tímagjald:	kr.	1.000
Vistunargjald fyrir börn einstæðra foreldra	kr.	750
Afsláttargjald 2. barn	kr.	750
Afsláttargjald 3. barn	kr.	500
Morgunverður:	kr.	2.000
Nónhressing:	kr.	2.000
Hádegismatur:	kr.	5.000

Á vorönn 2012 er leikskólavist fimm ára barna gjaldfrjáls fyrir hádegi . Greiða skal þó fyrir fæði barnanna.

Gjaldskráin verður send til kynningar í fræðslunefnd.

Eftirfarandi gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingu var samþykkt:

Gjaldskrá fyrir sorphirðu- og sorpeyðingargjöld í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Gjaldskrá er sem hér greinir:

I.

Sorphirðugjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 25.000

Sorpeyðingargjald á íbúðir, lögbýli, íbúðarhús: kr. 9.000

Sorphirðugjald vegna hvernar aukalosunar frá íbúðum, lögbýlum og íbúðarhúsum kr. 2.200

II.

Sorpeyðingargjald á sumarhús: kr. 6.500

Enda geti notendur þeirra losað sig við sorp á gámasvæði sveitarfélagsins.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps

112. fundur.

III.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald á fyrirtæki:

Fyrirtæki, stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorphirðugjald samkvæmt áætlun um kostnað við sorphirðu frá þeim.

Sorphirðugjald:

Flokkur 1.	kr.	28.000
Flokkur 2.	kr.	100.000
Flokkur 3.	kr.	140.000
Flokkur 4.	kr.	230.000
Flokkur 5.	kr.	415.000

Fyrirtæki stofnanir og aðrir lögaðilar greiða sorpeyðingargjald samkvæmt áætluðu sorpmagni sem frá þeim fellur.

Flokkur 1. Áætlað magn allt að	2.000 kg	kr. 20.000
Flokkur 2. Áætlað magn allt að	3.300 kg	kr. 33.000
Flokkur 3. Áætlað magn allt að	7.000 kg	kr. 70.000

Hreppsnefnd raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi þeirra.

2. gr.

Að lokinni álagningu skv. 1. gr. hafa greiðendur 30 daga frest til að gera athugasemdir við gjaldtöku Húnavatnshrepps. Athugasemdir skulu vera skriflegar og vel rökstuddar. Hreppsnefnd er heimilt að breyta gjaldtöku með tilliti til réttmætis framsettra athugasemda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af hreppsnefnd Húnavatnshrepps 16. nóvember 2011. Gjaldskráin er sett með heimild í 7. gr. samþykktar nr. 56/2008 um sorphirðu í Húnavatnshreppi. og skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum. Gjaldskráin öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskráin verður send heilbrigðisnefnd Nv-lands til umsagnar.

Eftirfarandi gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa var samþykkt:

Gjaldskrá fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi.

1. gr.

Fyrir hreinsun og losun rotþróa í Húnavatnshreppi skal húseigandi greiða árlegt gjald, rotþróargjald, skv. gjaldskrá þessari, sbr. 5. gr. samþykktar um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi .

2. gr.

Gjald fyrir hreinsun rotþróa fyrir árið 2012 skal vera eftirfarandi:

Rotþró 0-2000 lítra	kr. 8.100.- pr. þró
Rotþró 2001-4000 lítra	kr. 9.500.- pr. þró
Rotþró 4001-6000 lítra	kr. 11.100.- pr. þró
Rotþró 6001 lítra og stærri	kr. 2.200.- pr/m ³

Gjald miðast við að barkalengd hreinsibíls sé minni en 50 metrar

Fyrir barkalengd umfram 50 metra skal eigandi greiða aukalega kr. 5.300.- á hverja losun. Ofangreind gjöld miðast við byggingarvísitölu, sem var 111,4 stig í nóvember 2011 og skal uppfæra þau einu sinni á ári eftir byggingarvísitölu í janúar hvert ár, í fyrsta sinn í janúar 2013.

3. gr.

Fyrir aukalosun skal innheimta gjald þó aldrei hærra en nemur kostnaði við losun og förgun.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps 112. fundur.

4. gr.

Gjaldldagi og innheimta rotþróargjalds skv. 2. gr. fer fram með sama hætti og á sama tíma og álagning fasteignaskatts. Gjöld skv. gjaldskrá þessari er heimilt að innheimta með lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjaldldaga, með forgagnsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

5. gr.

Gjaldskrá þessi er byggð á samþykkt um hreinsun, losun og frágang rotþróa í Húnavatnshreppi, sbr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum og var samþykkt í hreppsnefnd Húnavanshrepps 16. nóvember 2012, til að taka gildi við birtingu.

Drög að gjaldskrá vegna framkvæmda- og byggingarleyfisgjalda var lögð fram til kynningar. Samþykkt var að boða byggingarfulltrúa til fundar um málið.

Samþykkt var með sex atkvæðum, einn sat hjá (JEP) að taka upp gjaldskrá Félags- og skólaþjónustu A-Hún vegna heimþjónustu frá og með 1. janúar 2012.

Samþykkt var að frá og með næstu áramótum verði hætt að bjóða upp á akstur í félagsstarf aldraðra á Blönduósi.

Oddviti lagði fram eftirfarandi tillögu um álagningaprósentur fasteignaskatts árið 2012:

Fasteignaskattur A 0,50%

Fasteignaskattur B 1,32%

Fasteignaskattur C 1,65%

Ofangreindar % eru óbreyttar frá fyrra ári.

Fulltrúar A-lista fóru fram á fundarhlé.

Fulltrúar A- lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Fulltrúar A-lista leggja til að fasteignaskattur af A stofni verði 0,45% þar sem ljóst er að fasteignamat hækkar frá fyrra ári.

Fulltrúar E-lista fóru fram á fundarhlé.

Fulltrúar E- lista lögðu fram eftirfarandi bókun:

Vegna verulega skertra framlaga frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sjá fulltrúar E-lista ekki möguleika á að lækka prósentu A-hluta fasteignaskatta fyrir árið 2012.

Tillaga oddvita um álagningaprósentur fasteignaskatts A var samþykkt með fjórum atkvæðum (ÞS, MS, JS, IS) þrír voru á móti (JG, JEP, GHG)

Tillaga oddvita um álagningaprósentur fasteignaskatts B var samþykkt samhljóða.

Tillaga oddvita um álagningaprósentur fasteignaskatts C var samþykkt samhljóða.

Samþykkt var að reglur um afslátt af fasteignagjöldum verða sömu og áður.

Samþykkt var að gjaldldagar fasteignagjalda á árinu 2012 verði eftirfarandi:

Fasteignagjöld undir 15 þúsund kr. Gjaldldagi 1. júní.

Fasteignagjöld að upphæð 15 þúsund kr. til 1 milljón kr. Gjaldldagar 1. júní og 1. september.

Fasteignagjöld 1 milljón kr. og hærri. Gjaldldagar 1. apríl, 1. júní og 1. september.

Eindagar 30 dögum eftir gjaldldaga.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
112. fundur.

3. Fundargerðir:

- a) Stjórnar byggðasamlags um Tónlistarskóla A-Hún., dags. 1. nóv. 2011.
Eftirfarandi gögn fylgja fundargerðinni: Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2011. Fjárhagsáætlun 2012 og útreikningur á framlögum sveitarfélaga 2012.
Áætlað framlag sveitarfélaga til reksturs Tónlistarskóla A-Hún og lúðrasveitar árið 2012 er 36.755.000 kr. þar af er áætlaður hlutur Húnavatnshrepps 9.709.829 kr.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- b) Stjórnar byggðasamlags um menningar- og atv.mál, dags. 3. okt. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- c) Stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga, dags. 28. okt. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- d) Samráðsfundar ríkis og sveitarfélaga, dags. 5. okt. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.
- e) Samráðsfundar stjórnar Samb. ísl. sveitarfél. og formanna og framkvst.
landshlutaamtaka sveitarfélaga, dags. 14. okt. 2011.
Fundargerðin lögð fram til kynningar.

4. Bréf:

- a) Frá stjórn Heimilisiðnaðarsafnsins á Blönduósi, dags. 02.11.2011.
Efni: Samrit af erindi sem sent var til Byggðasamlags- um atvinnu- og menningarmál þar sem sótt er um styrk að upphæð 4,7 milljónir kr. fyrir árið 2012.
Lagt fram til kynningar.
- b) Frá Bændasamtökum Íslands, dags. 02.11.2011.
Efni: Erindi frá Elías Blöndal Guðjónssyni þar sem hann tekur undir álit Ólafs R. Dýrmundssonar varðandi kostnaðarskiptingu á girðingu milli Sauðadals og heimalanda jarðanna Gilár og Marðarnúps í Vatnsdal.
Lagt fram til kynningar.
- c) Frá USAH, dags. 26. 10. 2011.
Efni: Stjórn USAH óskar eftir að Húnavatnshreppur styrki starfsemi félagsins á árinu 2012, sem er 100 ára afmælisár félagsins, um 350 þúsund krónur.
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar 2012.
- d) Frá Sjálfseignarstofnunum Auðkúluheiðar og Grímstungu- og Haukagilsheiðar, dags. 08.11.2011.

Hreppsnefnd Húnavatnshrepps
112. fundur.

Efni: Sótt eru um 500 þúsund krónur fyrir hvora stofnun til að standa undir kostnaði við hnitsetningu á landamerkjum og löndum framangreindra stofnana og einkalöndum sem að þeim liggja.
Erindinu vísað til fjárhagsáætlunar 2012.

e) Frá Birni Magnússyni, dags. 08.11.2011.

Efni: Í samræmi við 34. gr. 1 málsgreinar sveitarstjórnarlaga nr. 45/1988 og 32. gr. 1 málsgreinar samþykktar Húnavatnshrepps óskar Björn Magnússon, af persónlegum ástæðum, eftir lausn frá störfum í hreppsnefnd Húnavatnshrepps í eitt ár frá og með 15. nóvember 2011.
Hreppsnefnd samþykkti erindið.

5. Önnur mál.

Jóhanna Pálmadóttir óskaði eftir upplýsingum um kostnað við náttúrfélag í landi Grímstungu í Vatnsdal og samning við landeigendur.

Umbeðnar upplýsingar munu liggja fyrir á næsta fundi hreppsnefndar.

Fundi slitið kl. 18. 15

Þóra Sverrisdóttir

Jón Gíslason

Jakob Sigurjónsson

Jóhanna E. Pálmadóttir

Magnús R. Sigurðsson

Gísli Hólm Geirsson

Ingibjörg Sigurðardóttir

Jens P Jensen